




24. apríl 2024

Stjórnendur iðnfyrirtækja bjartsýnni á þróun efnahagsmála

Fleiri stjórnendur íslenskra iðnfyrirtækja telja að aðstæður í efnahagslífinu séu góðar en þeir sem telja að þær séu slæmar. Þegar litið er til næstu 6-12 mánaða eru fleiri stjórnendur iðnfyrirtækja sem telja að aðstæður í efnahagslífinu muni batna en þeir sem telja að þær muni versna. Má þar greina nokkru meiri bjartsýni á efnahagsframvinduna en á sama tíma í fyrra. Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins í febrúar og mars á þessu ári.

Þá telur mun hærra hlutfall stjórnenda að tekjur muni aukast en minnka á öðrum, þriðja og fjórða ársfjórðungi sé miðað við sömu ársfjórðunga 2023. Sömu sögu er að segja þegar spurt er um fjölgun eða fækkun starfsfólks. Litið til næstu tólf mánaða telja mun fleiri stjórnendur iðnfyrirtækja að starfsmönnum þeirra fyrirtækja muni fjölga en fækka. Þegar stjórnendur eru spurði hvort skortur sé á starfsfólki í þeirra fyrirtæki núna svara fleiri því játandi en neitandi. Á milli ára lækkar þó hlutfall þeirra lítillaga sem telja að það sé skortur. Að mati stjórnendanna skortir helst iðnmenntað starfsfólk og því næst háskólamenntað. Það er sambærileg staða og verið hefur síðustu ár.


Hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þitt fyrirtæki?



Aðspurðir telja um 44% stjórnenda að aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi séu góðar fyrir þeirra fyrirtæki og 18% telja að þær séu slæmar. Hlutfallið breytist lítið frá síðustu könnun fyrir ári þegar 45% sögðu að aðstæður væru góðar en 20% að þær væru slæmar. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður séu hvorki slæmar né góðar hækkar á milli ára, eða úr 34% í fyrra í 37% nú.


Stjórnendur voru spurðir hvernig þeir meta aðstæður í efnahagslífinu fyrir þeirra fyrirtæki litið til næstu 6-12 mánaða miðað við aðstæður í dag. Niðurstöðurnar sýna að 34% telja að aðstæður verði betri en um 13% að þær verði verri. Nokkuð hærra hlutfall stjórnenda telur að aðstæður verði betri eftir 6-12 mánuði en fyrir ári síðan, eða 34% nú samanborið við 20% fyrir ári síðan. Þá lækkar hlutfall þeirra sem telja að aðstæður verði verri á næstu misserum, úr 29% í 13%.

Ef horft er 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir þitt fyrirtæki m.v. aðstæður í dag?




Þátttakendur voru beðnir um að svara því hvernig þeir teldu að tekjur þeirra fyrirtækja kæmu til með að þróast á 2., 3., og 4. ársfjórðungi þessa árs í samanburði við sama ársfjórðung í fyrra. Tæplega 43% stjórnenda segja að tekjur muni koma til með að aukast á 2. ársfjórðungi en 20% að þær muni dragast saman. Ríflega þriðjungur telur að þær muni standa í stað. Á þriðja ársfjórðungi telja ríflega helmingur að tekjur muni aukast á milli ára en 16% að þær muni dragast saman. Reikna 30% með að þær standi í stað á þeim ársfjórðungi. Á fjórða ársfjórðungi vænta 46% svarenda tekjuvaxtar, 17% samdrætti og þriðjungur sér fram á að tekjur muni standa í stað.

Hvernig telur þú að tekjur þíns fyrirtækis verði á viðkomandi ársfjórðungi 2024 m.v. sama ársfjórðung 2023?




Stjórnendur iðnfyrirtækjanna voru spurðir að því hvernig horftir með fjölda starfsmanna þeirra fyrirtækja á næstu 12 mánuðum. Mun fleiri telja að þeim muni fjölga en fækka á tímabilinu. Segja 33% að þeim muni fjölga og er það viðlíka hlutfall og mældist í fyrra. Einnig segja nú um 11% að starfsmönnum muni fækka á tímabilinu og er það líka viðlíka hlutfall og mældist í fyrra.

Hvernig horfir með fjölda starfsmanna í þínu fyrirtæki á næstu 12 mánuðum?



Aðspurðir segja um 41% stjórnenda að það sé skortur á starfsfólki í þeirra fyrirtæki núna. Má greina nokkra lækkun í því hlutfalli á milli ára þar sem 48% sögðu skort á starfsfólki vera viðvarandi á síðasta ári. Þá er athyglivert að hlutfall þeirra sem svara að það sé skortur á starfsfólki er lægra nú en þeirra sem segja að nægt framboð sé af starfsfólki.

Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki núna?



Stjórnendur voru einnig beðnir um að leggja mat á það hverskonar starfsfólk skortir helst og segja 60% að það sé iðnmenntað starfsfólk. Það er nokkuð hærra en var fyrir ári þegar 56% sögðu að það skorti iðnmenntað starfsfólk. Tæplega 20% nefna vöntun á háskólamenntuðu starfsfólki en það hlutfall hefur farið hækkandi undanfarin tvö ár. Þá segja um 14% að það sé skortur á ófaglærðu starfsfólki og er það nokkuð lægra hlutfall en síðustu ár. 4% segja annað.

Hverskonar starfsfólk skortir helst?

